

1873. anglýsing skyldi vera á Kirkjubæjarklaustri, er nú settur á
8. febrúar. Prestbakka.

13. febrúar. 7. Reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Til þess að koma á betra skipulagi um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Árið frá nýjári til nýjárs er reikningsár fyrir gjaldheimtur þær til landssjóðsins, sem sýslumönnum og bæjarfógetum og umboðsmönnum hins konunglega jarðagóz er trúað fyrir.

Breytingin frá reikningsári því, sem nú er, til þess það verði talið frá nýjári til nýjárs, verður á þann hátt, að hinn fyrsti reikningur, sem gjöra skal til 31. desbr., nær yfir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

2. grein.

Reikningana skal gjöra innan loka febrúarmán. þess árs, sem í hönd fer, og senda þá í tvennu lagi ásamt með tilheyrandi fylgiskjöllum hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eftir. Í sama mund skal senda landfógetanum á Íslandi endurrit af reikningunum án fylgiskjala.

3. grein.

Reikningshaldararnir skulu heimta saman gjöld þau, sem þeim er trúað fyrir, er þau koma í gjalddaga, og, ef þess þarf við, gjöra ráðstafanir til að þau verði tekin lög taki svo fljótt sem verða má, samkvæmt lögum þeim, sem um það gilda.

4. grein.

1873.

13. febrúar.

Gjöldin skal borga í jarðabókarsjóð Íslands eða aðalféhirzluna jafnóðum og þau verða heimt saman, og skal venjulega senda þau með fyrstu pósthæð, sem fellur fyrir eftir að þau eru greidd reikningshaldaranum.

Borgunin til aðalféhirzlunnar má fram fara með ávísun, sem stýluð er þannig, að dómsmálastjórnin geti ráðstafað henni, og skal ávísunin hljóða uppá verzlunarhús í Kaupmannahöfn, sem almennt er álitid áreiðanlegt. Verði ekki gengizt undir að borga ávísunina þá er hún er sýnd, eða ef hún verður ekki borguð út í hönd á gjalddegi, skal reikningshaldarinn greiða upphæðina í jarðabókarsjóð Íslands með fyrsta pósti eftir að honum var skýrt frá þessu.

5. grein.

Sérhverri þeirri upphæð, sem borguð er í jarðabókarsjóðinn eða í aðalféhirzluna, skal fylgja bréf, annaðhvort til landfógetans á Íslandi eða dómsmálastjórnarinnar, og skal í bréfinu telja upp og skýra frá, hverjar tekjugreindir í hlutaðeiganda reikningi sé ætlað til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er. Um leið skal senda hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skýrslu um borgunina.

6. grein.

Sè reikningshaldarinn ekki búinn að borga allar þær tekjur, sem taldar eru í reikningnum, skal fortakslaust standa skil á því, sem þannig stendur eftir, um leið og reikningurinn er sendur, nema því að eins að heimild sæ til þess að telja upphæðina með útgjöldum sem útistandandi skuld um stundar sakir eða fyrir fullt og allt; um borgun þessa skal senda skýrslu á sama hátt, og getið er að framan.

7. grein.

Landshöfðinginn skal samkvæmt erindisbréfi því, sem gefið er út fyrir hann, hafa gætur á, að reikningshaldararnir uppfylli skyldur sínar með tilliti til þess að borga inn gjöldin og gjöra reikningana í tækan tíma, og skal hann gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf til þessa.

1873.

13. febrúar.

8. grein.

Ef reikningshaldari gjörir ekki reikning í tækan tíma, eða hann stendur í skuld eftir reikningi þeim, sem fram er kominn, má hann ekki halda áfram að heimta saman opinber gjöld, fyrir en hann hefir gjört tilhlýðilegan reikning eða borgað skuld sína.

Þegar þannig er ástatt, skal landshöfðingi annaðhvort víkja hlutaðeiganda frá embætti hans eða sýslu um stundar sakir, eða, ef það kann að þykja hagfelldara í einstöku tilfelli, setja annan mann, til þess fyrst um sinn á kostnað reikningshaldarans, að heimta saman gjöld þau, sem greiða ber á næsta eindaga, t. a. m. skatta og gjöld á næsta manntalsþingi, landskuld á næstu farðögum og fl.

9. grein.

Eftir að landfógetinn á Íslandi hefir tekið við endurritum þeim af reikningunum, sem getið er um í 2. grein, skal hann rannsaka, hvort upphæðir þær, sem tilgreint er í reikningunum að sè borgaðar í jarðabókarsjóðinn, sè í raun og veru komnar í sjóðinn, og, ef með þarf, senda landshöfðingja skýrslu um það, sem hann hefir komizt að að á vanti í þessu tilliti.

10. grein.

Umboðsmenn hins konunglega jarðagóz skulu nákvæmlega hegða sèr eftir hinum sèrstaklegu erindisbréfum, sem þeim eru fengin, er þeir taka við umboðunum, að því leyti, er snertir umboðsstjórn og heimting þeirra gjalda, sem þeim er trúað fyrir, og skil á þeim, bókfærsla og fl.

11. grein.

Yfir tekjur af lestagjöldum samkvæmt lögum 15. apríl 1854 og af gjöldum þeim, sem fyrir er mælt um í tilskipun 26. febrúar 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, skal reikningshaldarinn halda gjaldabók, sem hlutaðeigandi amtmaður löggildir, og skal með fyrstu pósthæð á hverju hálfu missiri senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja endurrit af henni, sem hefir inni að halda nákvæma skýrslu um gjöld þau, sektir og fl., sem heimt er saman á þeim ársfjórðungi, sem liðinn er.

Endurritið skal þar að auki hafa inni að halda nákvæmar upplýsingar um borgun gjaldsins til landssjóðsins, og um, hvað mikið sè í sjóði á hverjum tíma hjá reikningshaldaranum, en það skal ávallt látið vera sèr og eigi saman við fè, sem hann sjálfur á, eða er í vörzlum hans, hvort sem einstakir menn eiga það eða hið opinbera.

1873.

13. febrúar.

12. grein.

Sýslumennirnir og bæjarfógetarnir skulu halda nákvæmar aðalreikningsbækur og gjaldabækur, sem hlutaðeigandi amtmaður löggildir; skulu þær vera lagaðar eptir fyrirmyndum þeim, sem festar eru við reglugjörð þessa, og skal í þær rita allt það, sem borgað er til þeirra sem skiptaráðanda, uppboðshaldara og yfirfjárráðanda. Þær skulu hafa inni að halda nákvæmar upplýsingar um, hvað er í sjóði á hverjum tíma af þessum fjármunum hjá hlutaðeiganda embættismanni.

Af gjaldabókinni skal við lok hvers missiris (30. júní og 31. desbr.) senda hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja fullkomna útskrift fyrir það missiri, sem liðið er.

Hlutaðeigandi embættismenn skulu gæta þess, að einnig fè því, sem hær ræðir um, sè að öllu leyti haldið útaf fyrir sig og eigi saman við það fè, sem þeir sjálfir eiga, eða er í vörzlum þeirra, hvort sem einstakir menn eiga það eða hið opinbera.

13. grein.

Landshöfðinginn og amtmennirnir skulu á umsjónarferðum sínum nákvæmlega rannsaka bækur þær, sem nefndar eru í 11. og 12. grein, og skulu þeir þá einnig láta sýna sèr fè það, sem á að vera í sjóði hjá embættismanninum samkvæmt því, sem gjalda-bækurnar segja til.

Verði það uppskátt við slíka rannsókn, að nokkur embættismaður hafi sem skiptaráðandi talsverða peninga í sjóði, skal landshöfðingi eða hlutaðeigandi amtmaður eptir því, sem á stendur, gjöra ráðstafanir til þess, að fè þetta verði ávaxtað á þann hátt, sem hagfelldastur er eptir kringumstæðunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1873.

13. febrúar.

Fyrirmynd

fyrir

aðalreikningsbók yfir gjaldheimtur þær, sem sýslumanninum í N.

N. sýslu er trúað fyrir sem skiptaráðanda, uppboðshaldara,
yfirfjárráðanda, o. s. frv.

Dánarbúið eptir N. N. á N. N.

Tekjur.

Hvenær fallið til.	Hver tekjugrein fyrir sig.	Það, sem á að borga.		Nær borgað.	Upp- hæðin.	
		rd.	s.		rd.	s.
1874.				1874.		
febr. 5.	Fundið í peningum, þegar búið var skrifað upp...	24	13	febrúar 5.	24	13
— —	Skuldakröfur búsin, sem sagt var til, þegar það var skrifað upp:					
	a) hjá A. á N., samkvæmt skuldabréfi, 11. júní 1868	100	*	júní 11.	100	*
	b) hjá B. á O., samkvæmt veðskuldabréfi, 11. júní 1872	150	*	— 11.	150	*
	c) hjá C., án skuldabréfs	20	*	apríl 15.	20	*
marz 12.	Uppboðsverð fyrir lausafé búsins	430	28	júní 16.	430	28
apríl 13.	Fyrir jörðina N. í P., sem búið á	500	*	{ — 11. veðskulda- bréf, gefið s. d. fyrir 400 rd.	100	*
júní 11.	Vextir af skuldabréfinu, a., frá 11. júní 1873, 3 af hundraði	3	*		júní 11.	3 *
— —	Vextir af veðskuldabréfinu, b., frá 11. júní 1873, 3 af hundraði	4	48	— —	4	48
	Tekjur alls...		..		831	89

Útgjöld.

1873.

13. febrúar.

Dagur.	Fylgiskjal nr.	Hver útgjaldagrein fyrir sig.	Upphæð.	
1874.			rd.	s.
febrúar 5.	Uppskriptarbókin 5. bls.	Borgað fyrir fram uppi greptunarkostnað.....	10	•
maí 14.	Fylgiskjal nr. 1.	Hjúakaup.....	24	•
— 24.	— nr. 2.	Skattar og gjöld, borguð á manntalsþingi.....	17	57
júní 16.	— nr. 3.	Uppboðskostnaður eptir reikningi innköllunar-manns.....	35	24
— 25.	Skiptabókin, 13. bls.	Eptirstöðvaraf greptrunar-kostnaði.....	15	36
— —	— —	Skiptagjöld.....	25	16
— —	— —	$\frac{1}{2}$ af hundraði í erfðafjár-skatt.....	5	43
— —	sbr. fylgiskjal nr. 4.	Skuld búsins til C., samkvæmt skuldabréfi, 13. ágúst 1870.....	25	•
— —	Skiptabókin, 13. bls.	Lagt út til erfingjanna í peningum:		
		a) til sonarins D.....	157	75
		b) — — E.....	157	75
		c) — dótturinnar F.....	358	51
		Í veðskuldabréfinu 11. júní 1874 með tilheyrandi vöxtum, 3 af hundraði,		
		a) til sonarins D..... 200 rd. 72 sk.		
		b) til sonarins E..... 200 — 72 —		
		Útgjöld alls...	831	89

1873.

13. febrúar.

Athugasemdir við fyrirmynd þessa.

1) Sérhvert dánarbú eða hvert annað bú, sem skiptarétturinn tekur til meðferðar, skal rita á sérstakt blað í þessari aðalreikningsbók, og eins allt geymslufé, þar með talið fé ómyndugra, sem annaðhvort um stundar sakir er látið vera í vörslum yfirfjárráðanda við lok skiptanna, eða af öðrum ástæðum er fengið sýslumanni til geymslu, og sömuleiðis öll uppböð, er eigi snerta bú, og þar sem hann er innköllunarmaður.

2) Tekjurnar skal rita í aðalreikningsbókina jafnskjótt og reikningshaldaranum verður kunnugt um þær; þannig skal innfæra þann dag, er búið var skrifað upp, þau skuldabréf og aðrar skuldakröfur, sem þá er sagt til, o. s. frv. Aftur á móti er það vitaskuld, að þá fyrst skal rita tekjurnar í hinn annan dálkinn, þegar þær eru goldnar, t. a. m. þegar skuldakröfur búsins eru borgaðar, eða þegar innköllunarmaður við uppbóðið greiðir skiptaráðanda það fé, sem fékkst við uppbóðið.

3) Á það blað í aðalreikningsbókinni, þar sem uppböð er fært inn, skal þegar rita það, sem goldið er í reiðupeningum við sjálft uppbóðið, og hvað eina, sem verður borgað, skal jafnóðum færa inn. Á gjalddegi skal leggja við í aðalreikningsbókina, þar sem uppbóðið stendur, skrá yfir það, sem enn er óborgað af uppbóðspeningum.

4) Fyrir innan strikið bæði tekjumegin og útgjaldamegin skal rita tekjur þær og útgjöld, sem eigi eru greidd í reiðupeningum, t. a. m. þegar nokkuð af kaupverði fyrir fasteign er borgað með því að gefa út skuldabréf, og skuldabréfið við feskípti verður lagt út til erfingja eða til þeirra, sem eiga skuld hjá búinu, — þegar kröfur búsins og skuldir eru látnar ganga upp, hvað á móti öðru, o. s. frv.

Fyrirmynd

fyrir

1873.

13. febrúar.

gjaldabók yfir gjaldheimtur þær, sem sýslumanninum í N. N.
sýslu er trúað fyrir sem skiptaráðanda, uppboðshaldara,
yfirfjárráðanda, o. s. frv.

Dagur.	Hver tekjugrein fyrir sig.	Smbr. aðalreikn- ingsbókina, blað.	Upp- hæðin.	
			rd.	s.
1874.				
janúar 1.	Í sjóði.....		95	66
febrúar 1.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í dánarbúinu eptir N. N.	4.	67	82
marz 6.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í dánarbúinu eptir O. O.	6.	190	•
april 15.	Borguð skuld C.'s til dánarbúsins eptir O. á N.	1.	20	•
— 20.	Borguð skuld G.'s til dánarbúsins eptir P. á R.	3.	36	80
júní 11.	Borguð skuld A.'s til dánarbúsins eptir N. N., samkvæmt skulda- bréfi uppá 100 rd., með vöxtum frá 11. júní f. á.	1.	103	•
— —	Borguð skuld B.'s til dánarbúsins eptir N. N. samkvæmt vedskulda- bréfi uppá 150 rd. með eins árs vöxtum	—	154	48
— —	Borgað af S. uppi kaupverðið fyrir jörðuna N. í P.	—	100	•
— 16.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í dánarbúinu eptir N. N.	—	430	28
Tekjur alls frá 1. janúar til 30. júní			1198	16
Útgjöldin dregin frá			882	17
Í sjóði 1. júlí 1874.....			315	95

1873.

13. febrúar.

Dagur.	Hver útgjaldagrein fyrir sig.	Smbr. vðalreikn- ingsbókina, blað	Upp- hæðin.
1874.			rd. s.
mai 14.	Útborgað hjúakaup í dánarbúinu eptir N. N.	1.	24 "
— 16.	Útborgað hjúakaup í dánarbúinu eptir O. O.	3.	15 24
— 24.	Skattur og gjöld á manntalsþingi í dánarbúinu eptir O. í N.	1.	17 57
— —	Skattur og gjöld á manntalsþingi, í dánarbúinu eptir O. á O.	4.	19 83
— 27.	Skattur og gjöld á manntalsþingi, í dánarbúinu eptir P. á R.	3.	25 13
júní 16.	Uppboðskostnaður í dánarbúinu eptir N. N.	1.	35 24
— 25.	Greptrunarkostnaður — — — —	—	15 36
— —	Skiptakostnaður — — — —	—	25 16
— —	1/2 af hundraði í erfðafjárgjald — — — —	—	5 43
— —	Til lúkningar skulda — — — —	—	25 "
— —	Til erfingja — — — —	—	674 9
	Útgjöld alls frá 1. janúar til 30. júní		882 17

Athugasemd við fyrirmynd þessa.

Gjaldabókina skal gjöra upp og telja allt saman fyrir hvert missiri, 30. júní og 31. desbr., og skal þar á eptir rita það, sem er í sjóði, sem fyrstu tekjugrein fyrir næsta missiri, annaðhvort 1. júlí eða 1. janúar.